

GJALDSKRÁ

fyrir sorphirðu og sorpeyðingu í Strandabyggð.

1. gr.

Gjaldskráin er sem hér greinir:

a. Árgjald.

Sorpgjald á íbúðir í þéttbýli kr. 19.980.

Sorpgjald á lögbyli og íbúðarhús í dreifbýli kr. 16.470.

Sorpgjald vegna sumarhúsa kr. 9.990,

enda geti notendur í dreifbýli losað sig við sorp á gámasvæði og flokkunarstöð sveitarfélagsins.

b. Árgjald.

Sorpgjald á hverja starfsstöð fyrirtækis:

Fyrirtæki, stofnanir og aðrir lögaðilar greiða sorphirðugjald samkvæmt áætlun um kostnað við sorphirðu og sorpeyðingu frá þeim.

Flokkur 1	kr.	19.980
-----------	-----	--------

Flokkur 2	kr.	42.490
-----------	-----	--------

Flokkur 3	kr.	59.980
-----------	-----	--------

Flokkur 4	kr.	76.490
-----------	-----	--------

Flokkur 5	kr.	110.980
-----------	-----	---------

Flokkur 6	kr.	214.490
-----------	-----	---------

Flokkur 7	kr.	319.980
-----------	-----	---------

Flokkur 8	kr.	794.490
-----------	-----	---------

Flokkur 9	kr.	1.254.980
-----------	-----	-----------

Flokkur 10	kr.	1.598.490
------------	-----	-----------

Sveitarstjórn raðar fyrirtækjum í flokka samkvæmt eðli og umfangi starfsemi þeirra.

2. gr.

Að lokinni álagningu skv. 1. gr. hafa greiðendur 30 daga frest til að gera athugasemdir við gjaldtöku Strandabyggðar. Athugasemdir skulu vera skriflegar og vel rökstuddar. Sveitarstjórn er heimilt að breyta gjaldtöku með tilliti til réttmætis framsettra athugasemda.

3. gr.

Gjaldskrá þessi er samþykkt af sveitarstjórn Strandabyggðar 12. apríl 2011. Gjaldskráin er sett skv. ákvæðum laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998, með síðari breytingum. Gjaldskráin öðlast þegar gildi.

Strandabyggð, 12. apríl 2011.

Ingibjörg Valgeirsdóttir sveitarstjóri.